



Mannréttindaráð

Reykjavík, 2. mars 2026

MSS22110176

Niðurstöður vinnuhópa á málþingi Saman gegn ofbeldi 10 ára

Meðfylgjandi er samantekt á helstu niðurstöðum vinnuhópa frá málþinginu Saman gegn ofbeldi 10 ára, sem fram fór 15. janúar 2026. Vinnuhópar voru níu talsins og eitt efni tekið fyrir í hverjum hópi. Umræðuefni voru eftirfarandi:

Ofbeldi barna gagnvart foreldrum
Eldri borgarar og heimilisofbeldi
Innflytjendur og heimilisofbeldi
Börn sem búa við ofbeldi, stuðningur
Heimilisofbeldi og hinsegin
Heimilisofbeldi og fólk að nota
Heimilisofbeldi og ungmenni
Heimilisofbeldi og fatlað fólk
Heimilisofbeldi og heilbrigðiskerfið

Óskað er eftir að niðurstöður séu lagðar fram á fundi mannréttindaráðs þann 5. mars til kynningar.

Virðingarfyllst,
Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Niðurstöður vinnuhópa á málþingi Saman gegn ofbeldi 10 ára



Reykjavík

Vinnustofur Saman gegn ofbeldi dags. 15. janúar 2026

Samantekt á umræðum/niðurstöðum níu hópa

Ofbeldi barna gagnvart foreldrum - vinnuhópur á málþingi Saman gegn ofbeldi 15.1.2026

Borðstjóri: Sædis Jana Jónsdóttir

Við flokkuðum umræðuna á borðinu hjá okkur í þrjú megin þemu sem sjást hér að neðan:

Flókin mál:

1. Þessi má eru mjög flókin og líklega þau heimilisofbeldismál sem eru einna erfiðust vegna flókinna tengsla milli barna og foreldra.
2. Foreldrar eru oft ekki samstíga. Erfitt fyrir lögreglu og aðra að aðhafast þegar það er, s.s. brottvísun af heimili og nálgunarbann. Erfitt fyrir félagsþjónustu t.d. að aðstoða annað foreldrið en ekki hitt.
3. Upplifunin er að við séum að sjá fleiri svona mál, hvorki sem það séu gerendur undir 18 ára eða eldri. Fólk er frekar að stíga fram og biðja um aðstoð í dag heldur en var áður. Farsældin hefur þar skipt miklu máli, kerfið er að bregðast við í dag.
4. Oft fylgir mikil skömm þessum málum. Þú vilt vernda barnið og ekki endilega sjá það í fangelsi eða taka út aðra refsingu, heldur frekar að barnið fái aðstoð.
5. Oft gera foreldrar sér ekki grein fyrir því að þeir séu að verða fyrir ofbeldi. Stundum þarf að koma fram af hreinskilni við foreldra um að það sem sé að gerast sé ofbeldi.
6. Foreldrar tilkynna frekar börn sín fyrir ofbeldi þegar þau eru fullorðin.
7. Mikil breidd í tegundum brota sem foreldrar eru að verða fyrir. Tilfinning að fjárhagslegt ofbeldi sé dæmi um ofbeldi sem foreldrar verða fyrir í miklum mæli af hendi uppkominna barna, jafnvel þannig að þau neyðist að flýja eigið húsnaði.

Úrræðaleyfi:

8. Vöntun á úrræðum helsta áskorunin, bæði fyrir börn og uppkomin börn, hvort sem um er að ræða úrræði við vímuefnavanda eða vegna geðræns vanda.
9. Vantar mikinn stuðning fyrir foreldra, foreldrar upplifa mikið úrræðaleyfi og fá oft lítinn stuðning. Lögregla mætir alltaf á svæðið og er boðin og búin að aðstoða en lítið annað tekur við þegar vandi er orðinn mikill.
10. Vöntun á öryggisíbúðum þar sem þolendur geta dvalið, fyrir bæði kyn. Talað um í þessu samhengi um íbúðina sem Barnavernd Kópavogs var/er með, að það þyrfti svoleiðis íbúðir í öllum sveitafélögum.

Stjórnsýslan og ósveigjanleg kerfi:

11. Kerfið oft mjög ósveigjanlegt þegar um er að ræða börn, oft þarf að byrja á léttvægum úrræðum sem oft eiga ekki við svo hægt sé að fá meiri stuðning. Stundum eru börn frekar fljótt komin í mjög flókinn vanda og léttvægari úrræði dæmd til að mistakast en samt sem áður þyrfti að reyna þau fyrst vegna verklags.

12. Mjög langir biðlistar eru fyrir börn að fá geðþjónustu, oft þurfi fólk að kunna ákveðið „tungumál“ til þess að ná að koma barni inn í geðþjónustu. Lítill stuðningur við foreldra til þess að styðja við fjölskyldu eða barnið sitt.
13. Heilbrigðisstarfsfólk verði að fá heimildir til þess að hafa samband við lögreglu ef þolandi leitar aðstoðar á heilbrigðisstofnun og metin er brýn nauðsyn til þess að tryggja öryggi þolanda. Mjög alvarleg mál hafa gerst á sl. árum þar sem vitneskja var um alvarlegt ofbeldi af hendi barna (uppkomnum) gagnvart foreldrum innan heilbrigðiskerfisins sem skilaði sér ekki til lögreglu vegna þess að þolandi vildi það ekki. Breyta þarf lögunum á þann hátt að heilbrigðisstarfsfólki sé heimilt að láta lögreglu vita af atvikum ef metin er brýn nauðsyn til m.t.t. öryggis þolanda.
14. Oft vantar að horft sé á fíknivanda barna út frá öllum sjónarhornum, líka út frá fjölskyldunni. Á meðan barn er í fíkniefnameðferð þarf að vera með fræðslu fyrir foreldra líka.

Eldri borgarar og heimilisofbeldi - vinnuhópur á málþingi Saman gegn ofbeldi 15.1.2026

Borðstjóri: Sabine Leskopf

Í umræðuhópnum voru bæði fulltrúar hagsmunasamtaka, fagfólk frá ýmsum stofnunum og fólk sem þekkir málaflokkinn úr sínu persónulega umhverfi.

Umræðupunktur:

- Miklar breytingar hafa átt sér stað í þessum málaflokki á örskömmum tíma. Tilfni er bæði sorglegir atburðir, sérstaklega á síðasta ári, sem rötuðu í opinbera umræðu en einnig vitundarvakning hjá hagsmunasamtökum og svo almenn vitundarvakning hjá þar til bærum aðilum. Var þar helst rætt um vitundarvakningu í hagsmunasamtökum, sér í lagi málþing sem var haldið á vegum Landssambands eldri borgara og umræður í Mannréttindaráðinu sem nú fer með hlutverk bæði ofbeldisvarnarnefndar og öldungaráðs. Sagt var frá því að fjöldi mála í Bjarkahlíð fóru úr 11 í 22 árið 2025 (þar sem eldri borgarar voru brotáþolar). Einnig var kynntur bæklingur Reykjavíkurborgar þar sem bæði skilgreiningar, úrræði og tölfræði er sett fram.

Úr bæklingnum var kynnt eftirfarandi:

- Einn af hverjum sex einstaklingum eldri en 60 ára hefur orðið fyrir einhvers konar ofbeldi.
- Fólk sem er eldra en 60 ára er líklegra til þess að verða fyrir ofbeldi af hálfu skyldra eða tengdra aðila en annað fólk sem er yngra.
- Talið er að einvörðungu sé greint frá um fjórum prósentum tilvika sem lúta að heimilisofbeldi þar sem aldraðir eru brotáþolar.
- Eldri brotáþolar eru ólíklegri til þess að reyna að fara frá geranda en þeir sem yngri eru.
- Aðeins um 30% aldraðra brotáþola kynferðisofbeldis tilkynna brotið.

Fleiri punktar úr umræðunni:

- Vantar úrræði
- Mikil fókus var á flóknar aðstæður þolanda sem aðgreina aldraða frá öðrum þolendahópum

- Þolendur t.d. með elliglöp, oft áður en greining liggur fyrir, fær hann að ráða?
Líkamlega, andlega þreyttir, háðir aðstandanda, kynslóð þar sem ekki mikið er talað um þessar hluti.
- Gerendur eru oft börn brotþola, ummönnunarstarfsfólk, makar.
- Læknaeiður, vekja athygli á, umræða hefur verið um þagnarskyldu og hvenær heilbrigðisstarfsfólk má eða jafnvel á að tilkynna, heilbrigðisráðherra sagði að þetta þurfi að skoða, vandi í þessu er samt eins og oft að ef fólk veit að mál verður tilkynnt þá leitar það ekki eftir aðstoð.
- Nálgunarbann: Ef upplýsingar liggja fyrir að eitthvað sé að, frumvarp um öklabönd, þá væri hægt að segja lögreglu eða félagsþjónustu frá jafnvel án aðkomu viðkomandi ef hún/hann/hán er með elliglöp.
- Í lagaumhverfinu eru tvær brotalamir: Ekki er hægt að vernda þolanda ef hann kærir ekki sjálfur, það getur enginn annar kært, ef um er að ræða náinn aðstandandi er svo mikil pressa, öll bjargráð hverfa, ekki hægt að vernda einstaklinginn.
- Ef kæran er dregin til baka er ekkert sem hægt er að gera til að vernda.
- Lögreglan hefur heimild til að grípa inn við vissar aðstæður, t.d. tilkynning frá aðstandanda en þá getur lögreglan hafið rannsókn.
- Viðkomandi neitar oft að halda áfram með málið ef um börn er að ræða.
- Ein leið fyrir lækna væri t.d. að tilkynna félagsráðgjafa, þannig skilningur er í barnaverndarmálum!
- Hrósa þarf þolendum, veita þeim stuðning.
- Kvænnaathvarf: þar eru þolendur ofbeldis af hálfu annað hvort maka og barna, erfitt að finna húsnæði, enginn úrræði, mikill þröskuldur.
- Hjúkrunarsjúklingar geta ekki farið úr aðstæðum, eru ekki færir um að skilgreina ofbeldi.
- Fjárhagslegt ofbeldi er gífurlega stórt og vanmetið mál hér, rafræn skilríki og tæknilegir möguleikar gefa gerendum auðveldara fyrir, kanna þarf betur hvernig tækni getur líka hjálpað, hvernig varnaglar geta verið í kerfinu, t.d. þekking og vitundarvakning hjá börnum. Landsbankinn fylgist t.d. með ef skrítnar stórar upphæðir fara af reikningum, þá er haft samband, líka ef fólk pantar óhóflega á netinu.
- Sviptingar eru mikið feimnismál og að skipa lögráðamenn gerist oft allt of seint, þegar engin eign er eftir. Hins vegar er gott eftirlitskerfi hér, sýslumaður fylgist með og fær skýrslur og reikningsyfirlit.
- Mesta feimnismálið er kynferðislegt ofbeldi, mesta tabúið, fæst gögn. Slíkt hefur verið rannsakað í Noregi, þyrfti að fá háskóla til að rannsaka þetta hér á landi.

Innflytjendur og heimilisofbeldi - vinnuhópur á málþingi Saman gegn ofbeldi 15.1.2026

Borðstjóri: Íris Björk Kristjánsdóttir

Arna Björk Birgisdóttir, HG/sálfræðingur og tengiliður farsældar
Marta Kristín Hreiðarsdóttir, LRH
Marion Poilvez, W.O.M.E.N. Samtök kvenna af erlendum uppruna
Susanne M. Arthur, W.O.M.E.N. varaformaður
Joanna Marcinkowska, HÍ/verkefnastjóri
Ísól Björk, Kvænnaathvarfið/ráðgjafi
Guðlaug Birna, Sýslumannsembættið/ráðgjafi

Vilborg Oddsdóttir, Hjálparstarf kirkjunnar/félagsráðgjafi
Magnea Marinósdóttir, stjórn málafræðingur

Samantekt úr umræðum

Umræðurnar fóru strax í gang og voru líflegar. Þrjú megin atriði stóðu upp úr; fræðsluþörf, öflugra samstarf við grasrótarsamtök og þörf á ókeypis lögfræðiráðgjöf.

Fræðsla

Upplýsingagjöf til innflytjenda um mannréttindi á Íslandi er mjög ábótavant og hana þarf að efla. Einnig þarf að gæta samræmis og tryggja að réttar upplýsingar skili sér. Lykilfólk í framlínubjónustu sveitarfélaga og stofnanna skiptir höfuðmáli. Þar þarf að auka og viðhalda þekkingu og menningarnæmni til að tryggja gæði þjónustu. Einnig þarf að skoða verklag (sbr. styrkumsóknir hjá félagsþjónustu) út frá jafnréttissjónarmiði í þeim tilfellum sem undirskriftar maka er krafist við umsókn. Vinnumálastofnun sinnir innflytjendum, umsækjendum um vernd og flóttafólki, og sér um upplýsingagjöf til þeirra. Þar geta verið sóknartækifæri er varða samræmda upplýsingagjöf.

Öflugra samstarf við grasrótarsamtök

W.O.M.E.N., Hjálparstofnun kirkjunnar, Samhjálp, RKÍ og fleiri.

Grasrótarsamtök kalla eftir auknu samtali og samstarfi við aðra þjónustuaðila. Framlínustarfsfólk þeirra sinnir mjög jaðarsettum hópum sem nýta sér þjónustu og hafa ekki endilega viðkomu hjá sveitarfélögum eða ríkisstofnum; umsækjendur um vernd, Roma-fólk, heimilislaust fólk, flóttafólk sem á ekki lengur rétt á þjónustu en dvelur enn í landinu. Þessi hópur reiðir sig á þjónustu og upplýsingagjöf frá grasrótarsamtökum.

Taka skal fram að fá úrræði standa eftir sem sinna innflytjendum og geta mætt hópnum á þeirra forsendum. Búið er að leggja niður Alþjóðahús, ráðgjöf sem mannréttindaskrifstofa sinnti, og starf Kvinnaráðgjafarinnar virðist liggja niðri. Þetta er mikil afturför. Það er mikið í húfi að samtök eins og W.O.M.E.N. standi sterk og geti boðið þessum hópi kvenna ráðgjöf og upplýsingar.

Ókeypis lögfræðiráðgjöf

Allir þjónustuaðilar (stofnanir og grasrót) sem koma að þessum málaflokki taka fram að þetta úrræði skorti sárlega. Í dag sinnir W.O.M.E.N. (Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi) jafningjaráðgjöf og greinir frá mikilli eftirspurn eftir ókeypis lögfræðiráðgjöf. Þetta er ein stærsta hindrunin í þjónustukeðjunni við erlendar konur sem búa við ofbeldi. Konur sitja fastar í ofbeldissamböndum og þora síður að fara, eða leita sér aðstoðar, þar sem þær eru oft með afleidd dvalarleyfi, tengt maka og/eða börnum. Sýslumannsembættið bendir á að konur þurfi sjálfar að greiða fyrir túlk ef þörf er á slíku þegar sótt er um skilnað eða í sáttameðferð/forsjármálum. Oft koma konur með engar upplýsingar um eigin réttindi gagnvart maka, vita ekki að þær geti sótt um skilnað né að þær geti haft forræði yfir börnum sínum.

Börn sem búa við ofbeldi, stuðningur - vinnuhópur á málþingi Saman gegn ofbeldi 15.1.2026

Borðstjóri: Elísabet Gunnarsdóttir

Önnur í hópnum: Ragna Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi sérfræðingur í málefnum barna hjá sýslumanni, Auður Magnúsdóttir, sálfræðingur í Kvennaathvarfi, Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólasérkennari, Skúli Jónsson stöðvarstjóri hjá lögreglunni í Hafnarfirði, Tinna Eyberg Örlygsdóttir sem starfar í Aðstoð eftir afplánun hjá Rauða krossinum, Tinna Baldursdóttir sálfræðingur hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Það sem vel er gert:

- 70% barna sem höfðu orðið vitni af ofbeldi þáðu viðtöl hjá sálfræðingi Barnaverndar Reykjavíkur árið 2025.
- FM-HAM er nýtt úrræði á vegum BOFS og Barnahús.
- Sálfræðingur í Kvennaathvarfi veitir börnunum stuðning.
- Lögreglan hefur unnið að því að mál allra barna sem tengjast ofbeldinu sé tilkynnt barnavernd, líka barna sem eru ekki á heimilinu þegar ofbeldið átti sér stað. Þá er t.d. um að ræða börn sem koma í umgengni á heimilið. Þá skiptir máli að skoða skráningu í þjóðskrá og hvort gerandi/þolandi séu skráðir með forsjá fleiri barna en þeirra sem eiga lögheimili á heimilinu þar sem ofbeldið átti sér stað.
- Einnig hefur lögreglan unnið að því að skrá brot á barnaverndarlögum hjá sér ef barn varð vitni af ofbeldi.
- Samfélagslögreglan fer í skólana og ræðir um ofbeldi við börn sem er mjög til bóta.

Það sem mætti bæta:

- Mál barna þar sem foreldrar ákveða að búa áfram saman. Hópurinn velti því fyrir sér hvort það mætti bæta eftirfylgd í þeim málum og upplýsa þá foreldra betur hvert þeir geti leitað í þjónustu, s.s. hjá Kvennaathvarfi, Bjarkarhlíð eða Heimilisfrið. Stundum skortir eftirfylgni á vegum miðstöðva/barnaverndar. Það er mikilvægt að eftirfylgnin fari strax fram eftir ofbeldið og að hún sé ef til vill tekin fastari tökum.
- Þyrfti að fara í vitundarvakningu um áhrif heimilisofbeldis á börn.
- Í öllum sveitarfélögum þyrfti að vera starfandi sálfræðingar hjá barnavernd sem myndi sinna börnum sem hafa orðið vitni af ofbeldi.
- Lagt til að stofnað verði fjölskylduhús fyrir foreldra sem hafa verið í ágreiningi vegna umgengni og samskipta við börn sín. Foreldrar gætu sótt ráðgjöf og leiðbeiningar í úrræðið og í boði yrði fjölskyldumeðferð þar sem fólk fengi aðstoð við að tala saman með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Þegar um er að ræða alvarleg ofbeldismál væri gott ef úrræðið gæti boðið upp á umgengni barns við foreldri í öruggu umhverfi.

Heimilisofbeldi og hinsegin - vinnuhópur á málþingi Saman gegn ofbeldi 15.1.2026

Borðstjóri: Þórhildur Elínar Magnúsdóttir

Stytttri samantekt fyrir kynningu:

- **Van-tilkynning og skortur á trausti**
Ofbeldi gegn hinsegin fólki er þekkt innan kerfa en sjaldan formlega tilkynnt. Það er mikil skekkja milli formlegra tilkynninga og niðurstaðna nafnlausra kannana. Neikvæð reynsla af lögreglu og öðrum viðbragðsaðilum dregur úr trausti og vilja til að leita aðstoðar.
- **Ranghugmyndir um ofbeldi í hinsegin samböndum**
Viðvarandi mýtur (t.d. að ofbeldi geti ekki átt sér stað milli tveggja kvenna) gera ofbeldi ósýnilegra og hamla viðurkenningu og tilkynningum.
- **Erfiðleikar við skráningu og gagnasöfnun**
Kynhneigð og kynvitund eru viðkvæmar persónuupplýsingar. Óljóst er hvenær og hvernig sé viðeigandi að spyrja og skrá.
- **Sérstök viðkvæmni ákveðinna hópa**
Pankynhneigðar og tvíkynhneigðar konur, trans fólk og hinsegin kynlífsverkafélk eru sérstaklega útsett. Margir í þessum hópum þora ekki að tilkynna af ótta við mótkærur, refsingu eða frekari jaðarsetningu.
- **Skömm, þöggun og virðingarpólitík**
Hinsegin fólk veigrar sér við að stíga fram af ótta við að „sverta“ eigin hóp eða kynda undir fordómum, sérstaklega gagnvart trans fólki sem upplifir mikið hatr eins og er og samkynhneigðum körlum (sbr. mýtu um barnaperra).
- **Þörf á próaktívri brúarsmíði**
Kerfin þurfa að rétta fram höndina með markvissum hætti, byggja traust og samræma verklag við raunverulega stöðu eins og hún birtist í könnunum, ekki aðeins í tilkynningum.
- **Meira en bara regnbogafánar**
Regnbogafánar og nælur dugir ekki eitt og sér. Nauðsynlegt er að viðbragðsaðilar búi yfir þekkingu og fagkunnáttu til að veita hinsegin fólki raunverulega, örugga og viðeigandi aðstoð.

Ítarlegri punktar úr því sem var rætt:

Lögregla, tilkynningar og traust

- Umræðan er til staðar innan lögreglunnar, en ofbeldi gegn hinsegin fólki kemur sjaldan formlega „inn á borð“ – grunur um van-tilkynningu á tilfellum sem t.d. birtist í misræmi milli rannsókna/kannanna, og raunstöðu tilkynninga.
- Vilji er til að sjá fleiri tilkynningar; upplifun er að vandinn kraumi undir yfirborðinu.
- Erfitt að skrá hinseginleika geranda/þolenda í útköllum vegna heimilisofbeldis þar sem:
 - fagaðilar treysta sér ekki alltaf í að spyrja um kynhneigð/kynvitund,

- ekki alltaf hægt eða viðeigandi að spyrja á vettvangi vegna aðstæðna.
- Framkoma lögreglu í garð hinsegin fólks hefur einnig haft langvarandi áhrif á traust og það hvort fólk treystir sér til að leita aðstoðar, sérstaklega hjá þeim sem hafa upplifað neikvæða framkomu af hálfu lögreglu áður.

Fræðsla og innri geta kerfa

- Hinsegin fræðsla er til staðar innan lögreglunnar og í lögreglunámi, einnig í námi hjá öðrum sem koma að heimilisofbeldismálum t.d. hjá félagsráðgjöfum.
- Opinberlega hinsegin manneskjur innan lögreglunnar skipta máli sem tengiliðir og brúarsmiðir.
- Nauðsynlegt að fræðsla sé ekki bara táknræn heldur byggð á þekkingu og fagkunnáttu og skili sér í raunverulegum verkferlum.

Skráning, gögn og siðferðileg álitamál

- Óljóst hvenær og hvernig sé viðeigandi að spyrja um kynhneigð og kynvitund, væri gott að hafa enn meiri gögn og tölfræðiskráningu en reynist erfitt að ná utan um.
- Kynhneigð telst viðkvæmar persónuupplýsingar og því ekki sjálfgefið að skrá hana.
- Spurningar sem vakna:
 - Á hvaða tímapunkti er viðeigandi að spyrja?
 - Hvernig er best að skrá (ef yfirhöfuð)?
 - Er það vilji hins hinsegin samfélags að þessar upplýsingar séu skráðar?
- Mikilvægi nafnlausra kannana til að ná utan um raunverulega stöðu og bera saman við formlegar tilkynningar. Mikil skekkja eins og er.

Ranghugmyndir um ofbeldi

- Viðvarandi mýta að ofbeldi geti ekki átt sér stað í hinsegin samböndum (t.d. milli tveggja kvenna).
- Ranghugmyndir um að ofbeldi líti alltaf eins út og í gagnkynhneigðum samböndum.
- Lítil þekking á öðruvísi birtingarmyndum ofbeldis í hinsegin samböndum og hvernig hinseginleikinn sjálfur getur fléttast þar inn.
- Þessar hugmyndir draga úr tilkynningum og viðurkenningu ofbeldis.

Sérstakir jaðarsettir hópar

- Hinsegin kynlífsverkafólk (t.d. sem leitar til Rauðu regnhlífarinnar):
 - upplifir tvöfalda jaðarsetningu,
 - treystir lögreglu síður,
 - óttast mótkærur og refsingu og þorir því síður að tilkynna ofbeldi.

- Pankynhneigðar og tvíkynhneigðar konur eru sérstaklega útsettar og koma verst út í könnunum.
- Tölfræði úr könnunum er ekki sambærileg við kynskráningu í Þjóðskrá – kannanir ná til annarra hópa, m.a. kynsegin barna sem koma mjög illa út.

Trans fólk, skömm og þöggun

- Fólk veigrar sér við að ræða ofbeldi af hálfu trans fólks af ótta við að kynda undir hatri sem er þegar mikið.
- Almenningsálit er skekkt:
 - Trans konur eru oft sýndar sem „hættulegri“ en trans menn,
 - þrátt fyrir að trans konur séu mun líklegri til að verða fyrir ofbeldi.
- Virðingarpólitík innan hinsegin samfélagsins:
 - Fólk vill ekki „sverta“ hópinn sinn,
 - mikil skömm og ótti við að mata skaðlegar mýtur (t.d. barnaperramýtuna um samkynhneigða karla).

Próaktív nálgun og trúverðugleiki úrræða

- Kerfin þurfa að vera próaktív og rétta fram höndina – ekki bíða eftir að fólk stígi sjálft fram.
- Nauðsynlegt að ná einhverju samræmi milli:
 - Formlegra tilkynninga,
 - og niðurstöður nafnlausra kannana.
- Ekki nægir að merkja sig með regnbogafánum:
 - loforð þurfa að vera studd af raunverulegri fræðslu, þekkingu og faglegri getu, annars eykst vantraust frekar en hitt.

Heimilisofbeldi og fólk að nota - vinnuhópur á málþingi Saman gegn ofbeldi 15.1.2026

Borðstjóri: Valgerður Jónsdóttir

Það er engum vísað frá neyðarskýlum borgarinnar.

Það vantar áætlun fyrir 18-25 ára heimilisláus ungmenni í virkri vímuefnaneyslu, það hefur átt sér stað fjölgun í hópnum. Konur geta farið hratt niður á við í þessum aðstæðum.

Það þarf sértækan stuðning sem miðar við stöðu þessa hóps, það þarf að virkja aðrar boðleiðir og bjóða sólarhringsþjónustu.

Hópurinn er með flókna sögu og þarna er þörf á lágþröskuldaþjónustu.

Þörf er á 24 klukkustunda athvarfi, sambærilegt Kvænnaathvarfinu, með skaðaminnskandi þjónustu og lágþröskuldaþjónustu fyrir hópinn. Konur leita oft ekki í Konukot af margvísulegum ástæðum og fara þannig á milli í kerfinu og geta ekki leitað skjóls til að losna úr ofbeldisfullum aðstæðum.

Það er til staðar vantraust á lögreglunni hvað varðar fólk í virkri neyslu. Það hringir ekki á lögregluna þar sem það eru fíkniefni á heimilinu. Þar spilar inn í að gerandi í aðstæðunum getur jafnframt verið sali brotþola, sé hann fjarlægður af heimilinu getur hann refsað brotþola með því að hafa samband við aðra og komið í veg fyrir að brotþoli geti orðið sér út um efni.

Erlendar konur eru sérstaklega falinn hópur í þessum efnum.

Konur með þroskahömlun sem eru í vímuefnaneyslu eru sömuleiðis falinn hópur – kerfið virðist ekki líta svo á að fatlað fólk geti verið í virkri vímuefnaneyslu.

Það vantar algjörlega upp á vinnu með gerendum þegar þeir eru í vímuefnaneyslu, kerfin einkennast af því að þú getir fengið þjónustu ef þú ert ekki í neyslu en ef þú ert í neyslu geturðu ekki fengið hana.

Konur sem koma úr afplánun og eru í virkri vímuefnaneyslu, eru ekki með aðgang að áfangaheimili líkt og Batahús er (áfangaheimili fyrir edrú konur að koma úr afplánun) og koma því margar beint í Konukot.

Heimilisofbeldi og ungmenni - vinnuhópur á málþingi Saman gegn ofbeldi 15.1.2026

Borðstjóri: Hjörleifur Steinn Þórisson

Aðrir:

- Ingveldur – Kvennaathvarf
- Eyrún Halla – félagsráðgjafanemi
- Indíana Rós – Jafnréttisskólinn, Reykjavíkurborg

- Ræddum skilgreininguna á “Ungmenni”. Komumst að þeirri niðurstöðu að skilgreiningin á ungmenni er 12-25 ára. Bergið Headspace notast við þá skilgreiningu.
- Við ræddum úrræðaleyfi fyrir unga þolendur sem eru 18+
 - Þekkja ekki úrræði sem eru í boði og vantar einnig bara fleiri úrræði og lausnir.
 - Þolendur sem verða heimilislaus eftir að þau yfirgefa heimili þar sem er ofbeldi.
- Það var einnig rætt úrræðaleyfi fyrir foreldra/fjölskyldur þeirra ungmenna sem beita ofbeldi. Ungmenni sem hafa mögulega sýnt óæskilega hegðun frá ungum aldri en ekki unnið með hegðunina á viðeigandi hátt og snjóboltinn búinn að fá að rúlla í mörg ár.
- Við ræddum að það þyrfti að efla fræðslu.
 - Þó margt hafi batnað í fræðslumálum að þá þarf margt enn að bæta. Fullt af flottu efni til (sjúkást fræðsluefni nefnt til sögunnar) en það er mjög happa/glappa eftir skólum/sveitarfélögum hvernig fræðslu er háttað. Sum staðar bara einn einstaklingur sem grípur þennan bolta og gerir það vel en um leið og þessi einstaklingur hættir að þá fer þekkingin og reynslan.
 - Bæta í þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk.
- Annað sem kom upp
 - Rætt um mikilvægi félagsráðgjafa, að þeir séu að sinna skjólstæðingum vel og eru að gera sitt besta – er möguleiki að bæta í við þessa þjónustu fyrir 18+ aldurinn??
 - Bergið headspace nefnt, frábært úrræði.

Ábending frá borðstjóra

- Hefði verið gott að hafa aðila frá fleiri stofnunum til að bæta við umræðuna eins og upphaflega var sett upp.

Heimilisofbeldi og fatlað fólk - vinnuhópur á málþingi Saman gegn ofbeldi 15.1.2026

Borðstjóri: Krístrún Huld Sigurðardóttir

Aðrir:

Linda Dröfn, Kvennaathvarfið
Guðmundur, Lögreglan
Póra, Lögreglan
Elfa María ráðgjafi RVK borg

Helstu punktar:

- Útköllum vegna hegðunarvanda barna og ofbeldi þeirra gegn öðrum heimilismeðlimum hefur fjölgað.
- Fjárhagslegt ofbeldi algengt – erfitt að eiga við það.
- Þarf aðra nálgun í útköllum sem varða fólk sem þroskaskerðingu.
- Oft umönnunaraðili – hver á þá að aðstoða mig?
- Viðhorf lögreglumanna skiptir ofboðslega miklu máli.

Hvað erum við að gera vel?

- Komið ágætis verklag með eldra fólk, þarf álíka með fötluðu fólki.
- Jákvætt – nýja Kvennaathvarfið mun geta tekið á móti fötluðum konum.
- Samstarf lögreglu og félagsþjónustu – Byggja enn meira ofan á SGO.

Hvað þarf að gera betur?

- Vantar meiri fræðslu og þjálfun í Lögreglunni til að mæta fólki með fötlun.
- Eftirfylgdarheimsóknir mikilvægar.
- Úrræðaleysi í kerfinu, konur með umönnunarþarfir geta ekki dvalið í Kvennaathvarfinu.
- Svo fáir með þroskaskerðingu sem leita til lögreglu vegna ofbeldis
- Hvert útkall þarf að hringja viðvörunarbjöllum og kerfi fari í gang.
- Sérstaklega skráð ef fólk er með fötlun.
- Þyrfti að skilgreina það sem ofbeldi í nánu sambandi ef aðilar búa saman t.d. í búsetuúrræði, en eru ekki tengdir.
- Fullorðið fatlað fólk sem býr enn hjá foreldrum, foreldrar jafnvel persónulegir talsmenn og fjárhaldsmenn.
- Gerendur með fötlun? hvað gerum við þar? Fagaðili.
- Hvernig vinna kerfin saman? Tengiliðir á hverri miðstöð. Félagsráðgjafar.
- Val að fá félagsráðgjafa þegar heimilisofbeldismál koma á stöð. Fullorðið fatlað fólk.
- Vitundarvakning um stöðu fatlaðs fólks sem verður fyrir ofbeldi og hvernig þurfi að mæta þeim.
- Úrræðaleysi kerfisins – vantar úrræði fyrir karlkyns þolendur.
- Í útköllum þar sem einstaklingur er í geðrofi þyrfti að kalla út borgarlækni/héraðslækni.

- Kunnum ekki eins vel að nálgast þennan hóp.
- Er falið, ekki eins mörg útköll og ættu að vera.

Heimilisofbeldi og heilbrigðiskerfið- vinnuhópur á málþingi Saman gegn ofbeldi 15.1.2026

Borðstjóri: Ástþóra Kristinsdóttir

Kvennaathvarfið talaði um að þær voru ánægðar með samband þeirra við LSH – sem hefur breyst mikið til batnaðar við tilkomu félagsráðgjafanna þar sem taka þessi mál strax að sér og koma í réttan farveg. Það er alltaf betra að láta þær vita ef hægt er að heimilisofbeldismál „er að koma“ til að koma í veg fyrir óþarfa bið og ekki þurfi að vera að tala um sín mál við afgreiðsluna.

Erfitt aðgengi að heilsugæslu. Hjúkrunarfræðingur er starfandi alla virka dag á heilsugæslu frá kl.8-16 og það er hægt að hafa samband við hann og hann síðan metur hvort þörf er á lækni.

Heilbrigðisstarfsmenn ættu að spyrja um ofbeldi. Heilbrigðisstarfsmenn eiga að vita að þolendur eru mjög viðkvæmir og ekki alltaf til í að ræða málin eða gera eitthvað í sínum málum. Það þarf því að fylgja því eftir ef grunur vaknar.

Fræðsla til heilbrigðisstarfsmanna þarf að vera markvissari og stöðug. Heilbrigðisstarfsmenn þurfa að vera vel að sér um einkenni og úrræði fyrir heimilisofbeldi.

Heilbrigðisstarfsmenn vilja að það sé hægt að tilkynna mál fullorðinna án þeirra samþykkis. Það kom hins vegar fram að það er ákveðin hættu ef tilkynnt er án samþykkis að missa trúnað við skjólstæðinginn. Spurning var hvor það ætti að nálgast þessi mál - fullorðin börn sem gerendur – á annan hátt. Til dæmis með að leggja áherslu á að þetta sé til að hjálpa gerendum. Þannig er einnig unnið með „skömm“ þolenda.

Vantar fleiri úrræði fyrir gerendur.

Skráningu er ábótavant – en er í vinnslu.